

Eyjafjarðarsveit 04.02.2021

Umsögn um frumvarp til Hálendisþjóðgarðar, 369. mál.

Á 560. Fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar tók sveitarstjórn fyrir umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, 369. mál

Bókun sveitarstjórnar sem er undir 11. lið á dagskrá er svohljóðandi:

Lagður er fram tölvupóstur dagsettur 11. desember 2020 frá nefndasviði Alþingis þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, 369. mál.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar horfir jákvæðum augum til markmiða Hálendisþjóðgarðs sem fram koma í 3. grein frumvarpsins. Hinsvegar telur sveitarstjórn að töluvert þurfi að vinna með frumvarpið til að tryggja almenna sátt um það.

Sveitarstjórn vill benda á eftirfarandi atriði sem brýnt sé að útfæra betur en fram að því sé ótímabært að afgreiða frumvarpið til laga:

Sveitarstjórn telur að skipulagsvald sveitarfélaga skerðist í raun verulega með lagasetningunni. Þó jákvætt sé að nærliggjandi sveitarfélög samræmist um skipulagsmál innan hálendis í gegnum umdæmisráð sem bætir yfirsýn á svæðinu þá kemur mjög skýrt fram að umdæmisráðin hafi einungis tillögu- og umsagnarrétt er kemur að stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Stjórn þjóðgarðsins tekur síðan við tillögunum og hefur heimild til að breyta tillögunum, að undangenginni umsögn viðkomandi umdæmisráðs, áður en stjórn sendir tillögur sínar til ráðherra. Þá hefur ráðherra einnig rétt á að breyta stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins áður en hún er samþykkt. Í þessu samhengi ber að horfa til þess að áætlunin er megin stjórnþæki þjóðgarðsins og umráð yfir henni fela sér veruleg völd sem snúa að mörgu öðru en skipulagsmálum eingöngu.

Orkunýting og orkudreifing eru verulega mikilvægir þættir fyrir landið allt og er umræðu um rammaáætlun ekki lokið. Ljóst er að verði frumvarp um Hálendisþjóðgarð að lögum mun það hafa í för með sér að frekari umræða um virkjanakosti rammaáætlunar verður allt að því óþörf og að þeir virkjanakostir sem nú eru í biðflokk og standa utan jaðarsvæða þjóðgarðsins fá ekki möguleika á að komast í orkunýtingarflokk. Þá er einnig vert að benda á að þó virkjanakostir sem ekki eru þegar í orkunýtingaflokki séu innan jaðarsvæða er ekki víst að þeir komi til greina enda fer ráðherra með lokaákvörðun á stjórnunar- og verndaráætlun sem einnig tekur til jaðarsvæða þjóðgarðsins. Sé horft til þess að aðferðarfræði verkefnisstjórnar rammaáætlunar byggist að nánast öllu leiti á náttúruverndarsjónarmiðum og ekki hafi verið tekið tillit til hagkvæmni eða samfélagslegra sjónarmiða í þeirra vinnu er vert að hafa miklar áhyggjur af þessu. Þá er mikilvægt að benda á að innan þjóðgarðsins mega ekki rísa háspennulínur utan jaðarsvæða og hefur það veruleg áhrif á framtíðarmöguleika til að efla dreifingu raforku um hálendið og þannig raforkuöryggi landsins alls.

Í frumvarpinu kemur fram að óheimilt sé að reka atvinnustarfsemi innan hans án þess að gerður sé um það tímabundinn samningur við þjóðgarðinn og í samráði við viðkomandi umdæmisráð. Ráðherra

á að setja reglugerð um nánari skilyrði fyrir þessu. Hér er stórum spurningum ósvarað og hætt við að slíkar reglur muni draga úr getu lítilla staðbundinna þjónustuaðila, sem oft skila miklu til nær samfélaganna, til að keppa við stóra þjónustuaðila sem flestir hafa höfuðstöðvar sínar á höfuðborgarsvæðinu ef til dæmis til útboðs á þjónustu eða einkarétt til nýtingar á landsvæði er að ræða. Standa þarf vörð um að slíkar reglur séu útfærðar fyrst og fremst með byggðarsjónarmið nær samfélaganna að leiðarljósi auk umhverfissjónarmiða.

Aðkoma félagasamtaka í stjórn og umdæmisráðum má teljast óæskileg með öllu en brýnt er að þegar um svo stór hagsmunamál er að ræða bæði fyrir þjóðina í heild sem og fyrir nær samfélögin sjálf þá komi eingöngu kjörnir fulltrúar að ákvarðanatökum. Eðlilegt er, og krafa ætti að vera á, að samráð sé haft við félagasamtök á viðkomandi svæði en að kjörnir fulltrúar séu engu að síður einir með atkvæðarétt um þær afgreiðslur sem fyrir liggja hverju sinni.

Vald ráðherra er verulegt í framsetningu frumvarpsins en þó svo að ekki þurfi að draga í efa heilindi núverandi ráðherra til málsins þá má leiða líkur að því að í framtíðinni þurfi aðrir og óreyndari ráðherrar að reiða sig með auknu mæli á embættismannakerfið í kringum. Því er erfitt að horfa til þess að við lagasetninguna séu viðamiklar útfærslur enn eftir sem útfærða á með reglugerðum á síðari stigum. Á þessum tímapunkti er því ekki með nokkru móti hægt að átta sig á heildaráhrifum frumvarpsins hvorki fyrir þjóðina í heild né fyrir þau sveitarfélög sem aðild munu eiga að þjóðgarðinum.

Þrátt fyrir að sveitarstjórn telji frumvarpið ekki tilbúið til afgreiðslu á þessu stigi þá má engu að síður horfa til þess að hugtakinu þjóðgarður fylgja engu að síður ýmis tækifæri. Má þar til að mynda nefna ferðapjónustu, stýringu á umferð og uppbyggingu þjónustumiðstöðva í sátt við náttúru.

Með þjóðgarðinum er hægt að samræmast um sýn á stórum svæðum umdæmisráða og þá uppbyggingu sem þar mun fara fram en fyrst þarf að tryggja að frumvarpið sé afgreitt með almennri sátt um hugmyndafræði og heildaráhrif þess og ganga úr skugga um að engar efasemdir séu um heildaráhrif þess.

Að þessu sögðu leggst sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar gegn því að frumvarpið sé afgreitt í núverandi mynd.



Fyrir hönd sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar

Finnur Yngvi Kristinsson

Sveitarstjóri, Eyjafjarðarsveit